


## ✉ Re: 202010422 - Ósk um umsögn, aðalskipulagsbreyting Fljótsdalshérað, Fjarðarheiðargöng

Búið til	24.8.2022 15:26:32
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	24.8.2022 15:26:30
Tilheyrir	 202207-0017 - Aðalskipulagsbreyting Fljótsdalshérað, Fjarðarheiðargöng.

### Efni

Re: 202010422 - Ósk um umsögn, aðalskipulagsbreyting Fljótsdalshérað, Fjarðarheiðargöng

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	24.8.2022 15:26:30	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

### Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar. Athugið, umsögnin er einnig um breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna Fjarðarheiðarganga.

Með kveðju,

Snorri

-----  
Tilvísun í mál nr. 202207-0016 og 202207-0017 (SS).

Vísað er til tölvupósta frá skipulagsfulltrúa Múlaþings, dags. 7. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tvær tillögur að aðalskipulagsbreytingum er báðar varða framkvæmd á Fjarðarheiðargöngum og tengdum framkvæmdum.

Annars vegar tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 vegna legu jarðganga og gangamunna, nýja legu Hringveggar og svæði fyrir efnisvinnslu, haugsetningu o.fl. og hins vegar tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 vegna gangnamunna, stofnveggar, efnistökusvæða og færslu á golfvelli.

Náttúrufræðistofnun skilar sameiginlegri umsögn um málin tvö.

Þann 21. júlí 2022 skilaði Náttúrufræðistofnun umsögn til Skipulagsstofnunar um umhverfismatsskýrslu um framkvæmd Vegagerðarinnar á Fjarðarheiðargöngum í Múlaþingi. Í þeirri umhverfismatsskýrslu er fjallað um flest þau atriði sem eru til umfjöllunar í þessum tveimur breytingum á aðalskipulagi. Vísað er í þá umsögn hér á eftir eins og við á.

Ein stærsta breytingin sem lögð er til á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 varðar nýja veglínu, svokallaða Suðurleið frá gangamunna við Dalhús til Egilsstaða sem kemur í stað Fagradalsbrautar sem stofnleið. Suðurleiðin er skilgreind sem aðalvalkostur í umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar en hefur umtalsvert neikvæð áhrif á gróður, einkum votlendi, og í umsögn sinni til Skipulagsstofnunar sagði Náttúrufræðistofnun eftirfarandi um veglínuna:

*„Mesta rask á vistgerðum með hátt verndargildi er [...] á aðalvalkostinum, Suðurleið þar sem hún mun bæði liggja um birkiskóga og stórt samfelldt votlendi (Lambhúsamýri og Flói). Veglína Suðurleiðar þverar votlendið mitt og því ljóst að raskið á því verður töluvert þótt einungis lítill hluti sé innan framkvæmdasvæðisins.“*

Einnig var bent á áhrif framkvæmdarinnar á sjaldgæfar plöntur og fléttur í Egilsstaðaskógi. Ný auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna tók gildi síðla árs 2021 (Auglýsing nr. 1385 um friðun æðplantna, mosa og fléttna, Nóvember 2021) og finnast nokkrar friðaðar tegundir innan framkvæmdasvæðis veglína í Egilsstaðaskógi. Það eru æðplantan blæösp og fléttur skrámuclúka, grástika og gullinvarp. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrsluna segir um þetta: „Eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslunni hefur um langt skeið verið bent á verndargildi birkiskóga í Egilsstaðaskógi ekki síst vegna sjaldgæfra fléttutegunda sem vaxa á birkitrjám. Þess vegna var lagt til að friðlýsa skóginn á Náttúruverndaráætlun 2009-2013 en ekki varð af því. Ljóst er að sjaldgæfum fléttutegundum mun stafa ógn af þeirri vegagerð sem áætluð er í framkvæmdinni og er það óháð mismunandi valkostum. Að mati Náttúrufræðistofnunar er mjög mikilvægt að stefnt sé að nákvæmari skoðun á fundarstöðum friðaðra fléttutegunda í Egilsstaðaskógi til að fullvissa sé um hver áhrif áætlaðrar vegagerðar verði. Það er nauðsynlegt til að leggja mat á hvort þörf sé á mótvægisáðgerðum til að tryggja áframhaldandi tilvist fléttutegundanna á svæðinu.“

Varðandi rask á verðmætu og viðkvæmu gróðurlendi almennt telur Náttúrufræðistofnun mjög mikilvægt og kom það fram ítrekað í umsögn um umhverfismatsskýrsluna að leggja þurfi áherslu á mótvægisáðgerðir til að vega upp rask á vistgerðum með hátt verndargildi og einnig að fundarstaðir friðlýstra tegunda séu staðfestir og möguleikar á mótvægisáðgerðum skoðaðir. Jákvætt er að stefnt sé að endurheimt votlendis og mikilvægt að því sé vel staðið og gott að samstarf verði við Landgræðsluna og Votlendissjóð. Í umsögninni kom einnig þetta fram um væntanlegar mótvægisáðgerðir: „Einnig er stefnt að endurheimt birkiskóga í samstarfi við Skógræktina. Náttúrufræðistofnun telur mjög mikilvægt að horft sé til þess að nota birkiplöntur sem eiga erfðafræðilega uppruna úr Egilsstaðaskógi til að tryggja viðhald þeirra og að horft sé til endurheimtar birkiskóga í næsta nágrenni þar sem við á. Ekki er fjallað um mótvægisáðgerðir til að bregðast við röskun á vaxtarstöðum friðaðra plöntu- og fléttutegunda. Náttúrufræðistofnun telur að skoða mætti t.d. að styrkja náttúrulegan vöxt blæspar í Egilsstaðaskógi í stað þeirra trjáplantna sem frá hverfa vegna framkvæmdarinnar með fræsáningu eða tilfærslu trjáa. Þá þarf eins og áður kemur fram að skoða hvort þörf sé á mótvægisáðgerðum til að tryggja að vaxtarstaðir friðaðra fléttutegunda glattist ekki alveg á svæðinu t.d. með mögulegum tilfærslum á birkitrjám sem fléttur vaxa á.“

Vegagerðin mun einnig hafa áhrif á dýralíf, einkum fuglalíf sem er auðugt á svæðinu þótt mest sé um algengar tegundir. Mótvægisáðgerðir sem snúa að endurheimt votlendis og birkiskóga ættu að gagnast þeim tegundum sem verða fyrir búsvæðamissi. Mikilvægt er að við vöktun á árangri endurheimtar sé fylgst með áhrifum á fuglalíf. Varðandi lífríki straumvatna vísar Náttúrufræðistofnun í umsóknir Hafrannsóknarstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Austurlands þar sem fagþekking er meiri. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að bætt sé úr þekkingu á lífríki straumvatna á framkvæmdasvæðinu öllu. Huga þarf vandlega að því að ný ræsi og brúargerð raski ekki ferðum laxfiska og gæta þarf þess að

mengun berist ekki í straumvötn á framkvæmdatíma. Fuglar nýta Eyvindará (og reyndar Fjarðará í Seyðisfirði líka) og nálæga læki til fæðuöflunar og rask eða mengun í straumvötum geta því haft víðtæk áhrif.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrsluna er einnig fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á jarðminjar og landslag og ásýnd lands og þar segir: "Áhrif á jarðminjar með hátt verndargildi eru ekki miklar. Þó má nefna Eyvindarárgil sem er jarðfræðilega merkilegt eins og fram kemur í umhverfismatsskýrslunni (bls. 100) og er á gildandi náttúruminjasrá. Fram kemur að Jarðfræðistofan sem vann mat á jarðminjum telur að ákjósanlegra hefði verið að halda áætlaðri veglínu Mið- og Suðurleiðar a.m.k. 75-100 metra frá gilbrún Eyvindarárgils. Náttúrufræðistofnun tekur undir þetta álit Jarðfræðistofunnar en svo virðist sem það sé ekki hægt vegna hönnunarregla Vegagerðarinnar. Þá verður gerð ný brú yfir gilið og mikilvægt að við hönnun hennar sé tekið tillit til verndargildi gilsins.

Í tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er sýndur viðbótarvalkostur sem er tilbrigði við Suðurleið en hún liggur sunnar en aðalvalkosturinn. Sá valkostur er þó ekki rýndur sérstaklega með tilliti til umhverfisáhrifa og óljóst hvað markmiðið með honum er hér. Ljóst er að áhrif hans á t.d. gróðurfar þyrfti að rýna af alvöru ef hann er raunverulega til skoðunar.

Aðrar lykilbreytingar á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 varða staðsetningu gangamunnans og athafnasvæði nálægt honum sem og efnisvinnslu- og haugsetningarsvæði í næsta nágrenni. Mikilvægt er að lágmörkuð séu áhrif efnisvinnslunnar og haugsetningarinnar á ásýnd svæðisins.

Varðandi aðalskipulagsbreytinguna í Seyðisfirði eru það einkum áhrif framkvæmda á landslag sem huga þarf að. Þar má nefna nálægð gangamunna, haugsetninga og veglínu við Gufufoss í Seyðisfirði en þótt fossinn og nánasta umhverfi verði ekki fyrir raski verða greinileg ásýndaráhrif af framkvæmdinni. Einnig þarf að huga vandlega að áhrifum á vatnsverndarsvæði. Umsvif umhverfisáhrifa vegna Fjarðarheiðaganga eru þó alla jafna minni í Seyðisfirði en á Héraði.

Nýr þáttur sem ekki var til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu Fjarðarheiðarganga er tilfærsla á golfvelli í Seyðisfirði. Skilgreint er breytt og stækkað svæði sem opið svæði í aðalskipulagstillögunni en ekki kemur nákvæmlega fram hvernig golfvöllurinn færist til. Mikilvægt er að leggja mat á hvernig vistgerðum verður raskað og horft til þess að hlífa frekar viðkvæmu gróðurlendi með hærra verndargildi við endurskipulag svæðisins. Skoða þarf það við gerð deiliskipulags.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

**From:** "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>  
**To:** "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "skrifstofa@vedur.is" <skrifstofa@vedur.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "na@na.is" <na@na.is>; "Þuríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Aðalsteinn Þórhallsson" <ath@hef.is>; "Thorsteinn" <tbr@hef.is>; "fjardabyggd@fjardabyggd.is" <fjardabyggd@fjardabyggd.is>  
**CC:**  
**Subject:** 202010422 - Ósk um umsögn, aðalskipulagsbreyting Fljótisdalshérað, Fjarðarheiðargöng  
**Date:** 7.7.2022 15:09:00

Góðan daginn,

óskað er eftir umsögn við vinnslutillögu vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Fljótisdalshéraðs 2008-2028 í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingarnar tengjast fyrirhuguðum framkvæmdum við jarðgöng undir Fjarðarheiði en í henni er fjallað um staðsetningu gangamunna og legu stofnvega frá honum.

Greinagerð er í viðhengi.

Umsagnir óskast sendar á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) fyrir **25. ágúst 2022**.

Bestu kveðjur,

Sóley Valdimarsdóttir

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Sveitarfélagið Múlaþing

(354) 4 700 748

soley.valdimarsdottir@mulathing.is  
(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

www.mulathing.is  
(http://www.mulathing.is/)

Skilmálar varðandi tölvupósti

(https://eur03.safelinks.protection.outlook.com/?

url=https%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2Fis%2Fmoya%2Fpage%2Fskilmalar-vardandi-tolvupost&data=04%7C01%7Csoley.valdimarsdottir%40mulathing.is%7C8f5372b93ec54915442108d9d73e199c%7C556ee80a0b7a4238a9e85101272737b2%7C1%7C0%7C637777484033605395%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLjBTRiI6Ikl1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000&sdata=vqxDbfZRCdt3U1QYokvqOimsvPQnwLEB%2FEfd5h1k71k%3D&reserved=0)

## Viðhengi

image001.png (5 KB)

